

VG verktakar ehf.
b.t. framkvæmdarstjóra
Laugarnesvegur 16
104 Reykjavík

Tegund skoðunar: Reglubundin skoðun 10.9.2018

Staðsetning skoðunar: Gerðarbrunnur 12- 14

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Forsvarsmenn VG verktaka ehf. og verkkaupa skulu funda með Vinnueftirlitinu áður en vinna hefst á ný. Afrit skýrslunnar verður sent á netfangið [REDACTED]

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við heimsókn Vinnueftirlitsins þann 10.09.2018 var öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir verkið ekki til staðar.

Fyrirmæli

Gera skal öryggis- og heilbrigðisáætlun og skal hún kynnt öllum verktökum og starfsmönnum þeirra.

Lög & reglur:

547/1996, 5.gr : Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

5. gr.

Undirbúningsstig verks – Skyldur samræmingaraðila.

Á undirbúningsstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

a. samræma framkvæmd ákvæða 4. gr.;

b. vinna að eða sjá til þess að gerð verði öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem settar eru fram reglur er gilda á byggingarvinnustaðnum sem í hlut á. Í þessari áætlun skal mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir um vinnu sem fellur undir einn eða fleiri flokka sem tilgreindir eru í II. viðauka;

c. vinna að gerð skýrslu þar sem fram koma upplýsingar sem máli skipta um öryggi og heilbrigði sem hafa ber í huga í tengslum við verk sem kunna að verða unnin síðar.

Athugasemd 2 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Byggingaframkvæmdin hefur ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

Fyrirmæli

Tilkynna skal byggingaframkvæmdina til Vinnueftirlitsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu stofnunarinnar. Setja skal tilkynninguna á áberandi stað á vinnusvæðinu.

Lög & reglur:

547/1996. kafla 2. 3.gr: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

Skyldur aðila.

3. gr.

Skipun samræmingaraðila – Öryggis- og heilbrigðisáætlun – Tilkynning.

1. Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, eins og skilgreint er í g- og h-lið 2. gr. til starfa á byggingarsvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki er að störfum.

2. Verkkaupa ber áður en byggingarsvæði er skipulagt, að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við b-lið 5. gr., ef:

a. tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á sama byggingarvinnustað og starfsmenn eru fleiri en 10,
b. vinna er hættuleg samanber II. viðauka.

3. Verkkaupi, eða aðili sem hann hefur falið umsjón

byggingaframkvæmda t.d. verktaki eða verkefnastjóri, skal senda tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst sem er í samræmi við III. viðauka ef:

a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða
b. u

Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Verkpallar sem reistir hafa verið við húsið eru ófullnægjandi. Á þá vantar handrið, hnjálista og fótborð, auk þess sem endalokanir eru ekki til staðar. Settar hafa verið upp lausar plötur úr vinnupöllum án fallvarna á milli svala án þess að þær séu festar með nokkru móti. Festing palla við húsið er einnig ábótavant.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi skal tryggja örugga uppsetningu vinnupalla í samræmi við lög og reglur. Öll vinna á verkpöllum við húsið Gerðarbrunnur 12-14 er bönnuð þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar og Vinnueftirlitið heimilað vinnu á ný.

Lög & reglur:

547/1996 16. gr í B-hluta : Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999 046/1980. 85. gr : Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

16. Vinnupallar - almenn ákvæði.

16.1. Vinnupallar skulu hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið þannig að tryggt sé að þeir falli ekki niður eða verði fyrir fallandi hlutum.

16.2. Vinnupallar, gangbrýr og stigar fyrir vinnupalla skulu þannig hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið, að fólk falli ekki af þeim né verði fyrir fallandi hlutum.

16.3. Vinnupallar skulu skoðaðir af einstaklingum sem hafa til þess þekkingu:

a. áður en þeir eru teknir í notkun;

b. með reglulegu millibili eftir það;

c. eftir að þeim hefur verið breytt, hafi þeir ekki verið notaðir um tíma, hafi slæmt veður geisað eða jarðskjálftar riðið yfir eða aðrar aðstæður orðið sem gætu hafa haft áhrif á styrk þeirra eða stöðugleika.

16.4. Færanlegir vinnupallar skulu festir svo þeir geti ekki hreyfst af sjálfsdáðum.

16.5. Að öðru leyti skal fara eftir gildandi reglum um röraverkpalla, hengiverkpalla og verkpalla byggða úr timbri.

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ófullnægjandi fallvarnir eru við svalir og gluggaop. Slíkt skapar fallhættu.

Fyrirmæli

Setja skal upp fallvarnir við svalir og gluggaop. Öll vinna er bönnuð nema vinna við úrbætur þar til Vinnueftirlitið hefur heimilað vinnu á ný.

Lög & reglur:

046/1980. 85. gr. : Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

547/1996, IV. viðauki, B. hluti, 15.2.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

15.2. Vinna í mikilli hæð skal að jafnaði fara fram með hjálp viðeigandi búnaðar eða með því að beita öryggisbúnaði eins og grindverkum, pöllum eða öryggisnetum. Ef ekki er hægt að nota slíkan búnað vegna eðlis verksins skal aðgangur vera greiður og nota skal öryggisfestingar eða annan festibúnað í öryggisskyni.

Athugasemd 5 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Umferðarleiðir á byggingarstaðnum utanhúss eru ófullnægjandi, Starfsmenn þurfa að fara niður brattar brekkur þar sem allskonar byggingarefni liggur á við og dreif og án skipulags, sem skapar slyshættu.

Fyrirmæli

Ganga skal frá umferðarleiðum á verkstað þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt.

Lög & reglur:

046/1980. 85.gr: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

547/1996 Viðauki IV, A. hluti, gr. 1 og 13.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

1. Umgengni á byggingarstað.

1.1. Á byggingarsvæðum ber að tryggja góða umgengni, t.d. á verkpöllum, gólfum bygginga og annars staðar þar sem umferð er. Ekki má safna eða hlaða efni þannig á byggingarsvæði, að það geti orsakað hættu eða tálmað nauðsynlegri umferð. Plankar, borðviður og þess háttar efni með útistandandi nöglum má ekki að nauðsynjalausum liggja á verkpöllum, vinnusvæðum eða þar sem það getur skapað hættu.

1.2. Við ófullgerð húsa eða önnur mannvirki, skal þannig frá gengið, að sem minnst hætta geti stafað af fyrir óviðkomandi. Dyra- og gluggaopum á neðstu hæð og kjallara hálfbyggðra húsa skal lokað svo fljótt sem verða má.

Athugasemd 6 - Starfsmannarými

Lýsing & mat á aðstæðum:

Kaffistofan er ómáluð og án loftræstingar. Fatageymsla er ekki aðskilin frá kaffistofu. Aðstæður sem þessar eru heilsuspillandi.

Fyrirmæli

Ganga skal þannig frá starfsmanna aðstöðu að þún sé í samræmi við þær reglur sem þar um gilda.

Veittur frestur:

24.9.2018

Lög & reglur:

547/1996 C. hluti viðauka 4. 2 og 3 gr. : Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

3. Byggingarlýsing.

3.1. Yfirborð innanstokksmuna, innréttinga, veggja, gólfs og lofts skal vera í ljósum litum og úr efnum, sem auðvelt er að þrifa.

3.2. Gólf, loft og vegg skal einangra í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, nema hvað varðar þykkt einangrunarefna.

3.3. Lýsing og loftræsting skal vera nægjanleg að mati Vinnueftirlits ríkisins.

3.4. Stærð glugga skal vera samsvarandi 10% af gólfleti herbergisins. Í þeim skal vera tvöfalt gler og opnanlegt fag sem er a.m.k. 1/4 af heildarstærð gluggans.

3.5. Hitastig skal að jafnaði miða við 18°C. Upphitun er veldur mengun eða annarri óhollustu er óheimil.

3.6. Starfsmannarýmið skal vera á hagkvæmum stað með hliðsjón af vinnustað.

Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði skal starfsmannarýminu komið fyrir sem næst miðsvæðis ef ekki er kostur á að skipta því í einingar sem koma má fyrir í grennd við vinnustaðina.

3.7. Þurrkaðstaða fyrir votan vinnufatnað og geymsla fyrir óhreinan skófatnað má ekki vera í matstofu.

Athugasemd 7 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki hefur verið girt í kringum byggingarkrana, sem skapar slysaþættu fyrir þá starfsmenn sem leið eiga um svæðið.

Fyrirmæli

Girða skal af í kringum byggingarkrana.

Lög & reglur:

367/2006 II. viðauki gr. 2.8: Reglugerð um notkun tækja

Athugasemd 8 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Tréstiggar á vinnustaðnum sem eru m.a. notaðir til uppöngu á svalir standast ekki þær kröfur sem gerðar eru til stiga á vinnustöðum en þeir eru fúnir og ónothæfir. Slíkt skapar slyshættu fyrir starfsmenn.

Fyrirmæli

Nota skal vandaða og örugga stiga í samræmi við þau verk sem unnin eru á vinnustaðnum og skulu þeir vera vel festir. Notkun er bönnuð á stigum sem ekki eru öruggir eða í slæmu ásigkomulagi.

Lög & reglur:

547/1996, Viðauki IV, B. hluti grein 17-20 : Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

17. Stigar - almenn ákvæði.

17.1. Öruggar og heppilega staðsettar umferðaleiðir skulu vera til vinnustöðva, á verkpöllum og í byggingum. Stigar í byggingum skulu gerðir til umferðar svo fljótt sem verða má.

17.2. Stigar skulu vera nægilega sterkir og vel viðhaldið. Þeir skulu notaðir á réttan hátt, á viðeigandi stöðum og í samræmi við fyrirhugaðan tilgang þeirra.

18. Fastir

Athugasemd 9 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við skoðun eftirlitsmanna á verkstað að Gerðarbrunni 12-14 var notkun hjálma ábótavant. Slíkt gáleysi getur leitt af sér mikla slyshættu fyrir starfsmenn.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn noti viðeigandi persónuhlífar við störf sín.

Lög & reglur:

547/1996. Viðauki IV. A. hluti. 9. gr.: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Leiðbeiningar:

9. Persónuhlífar.

9.1. Starfsmenn við byggingarvinnu skulu nota öryggishjálma og öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla. Starfsmenn skulu nota aðrar persónuhlífar við vinnu sína eftir því sem nauðsynlegt getur talist svo sem: öndunargrímur, heyrnahlífar, hanska, augn- og andlitshlífar, öryggisbelti o.s.frv. Slíkar persónuhlífar leggur atvinnurekandi til. Þegar slíkra persónuhlífa er krafist eru starfsmenn skyldir að nota þær. Um notkun og gerð persónuhlífa skal fara eftir gildandi reglum.

9.2. Þegar vinna utanbúss, svo sem málningarvinna, blikksmiðavinna, gluggahreinsun o.þ.h. vinna er framkvæmd úr gluggum eða starfsmenn standa á sillum eða stöllum utan á húsinu skulu þeir hafa öryggisbelti, ef vinnuaðstæður krefjast þess. Sömu ráðstafanir skal gera við vinnu inni í húsinu, ef hættu getur verið á falli.

Máli lokið: Úrbætur framkvæmdar

Athugasemd 10 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð/öryggisnefnd fyrirtækisins og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Veittur frestur:

25.9.2018

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Athugasemd 11 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fallvarnir og verkpallar eru ekki í samræmi við lágmarkskröfur, sbr. fyrirmæli nr. 3 og 4.

Umferðarleiðir eru ekki í samræmi við lágmarkskröfur, sbr. fyrirmæli nr. 5. Stigar eru ekki í samræmi við lágmarkskröfur, sbr. fyrirmæli nr. 8 Öryggisstjórnunarkerfið er ekki í samræmi við lágmarkskröfur, sbr. fyrirmæli nr. 1, 2 og 9.

Fyrirmæli

Þar sem veigamikil öryggisatriði eru í ólagi og öryggisstjórnunarkerfi á vinnustað er alls ófullnægjandi metur Vinnueftirlitið það að veruleg hættu sé á ferðum fyrir lífi og heilbrigði starfsmanna. Öll vinna við byggingaframkvæmdir að Gerðarbrunni 12-14 er bönnuð þar til búið er að gera úrbætur í samræmi við fyrirmæli 1, 2, 3, 4, 5, 7, 8, 9 og Vinnueftirlitið hefur aflétt banninu. Þrátt fyrir framangreint bann er heimilt að vinna að úrbótum.

Lög & reglur:

046/1980 gr. 85: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Vinna við úrbætur skal framkvæma á öruggan hátt.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

11.09.2018 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

RIKISINS

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

